

Ritstjórnarstefna heimasíðu Kjósarhrepps, samþykkt 04.júní 2019

1.gr.

Á vef Kjósarhrepps eru fréttum og upplýsingum miðlað til sveitunga, sem og til fjölmiðla og annara sem vilja fylgjast með hvað fer fram í sveitarfélaginu. Gæta skal þess að halda heimasíðunni lifandi með því að setja reglulega inn á hana fréttir.

2.gr.

Birta skal upplýsingar um stjórnarsýslu Kjósarhrepps, fundargerðir hreppsnefndar og fastanefnda, gildandi samþykktir og reglur ásamt tilkynningum og umsóknareyðublöð. Gæta skal þess að upplýsingar um stjórnarsýslu og annað séu ætíð uppfærðar eftir breytingar, þannig að treysta megi því að þær upplýsingar sem þar er að finna séu réttar.

3.gr.

Viðburðadagatal vefsins er til frjálstra nota um hverskonar viðburði, uppákomur og fundi í hreppnum.

4.gr.

Staðbundinn fróðleikur, um sveitarfélagið, gönguleiðir, reiðleiðir og aðra áhugaverðastaði.

5.gr.

Þjónustuaðilar í sveitarfélaginu hafa heimild til að vera með krækjur á heimasíður sínar og valdir aðilar sem tengjast hreppnum.

6.gr.

Á forsíðu má birta tilkynningar, enda skulu þær merktar sem slíkar. Með tilkynningum er átt við t.d. auglýsingar um spilakvöld, messur, tónleika og aðra viðburði og uppákomur.

7.gr.

Fjölmiðlum er heimilt að birta fréttir af heimasíðu Kjósarhrepps án sérstaks leyfis, enda skal heimildar getið.

8.gr.

Sveitarstjóri felur hverju sinni starfsmann hreppsins til að vera ritstjóri vefsins og sameiginlega bera þeir ábyrgð á því efni sem birtist hverju sinni. Tilgreina skal ábyrgðarmann heimasíðunnar á síðunni sjálfri.